

Fundargerð 147. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 17. október 2019, kl. 9.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jón Ástráður Jónsson, verkefnastjóri kom inn á fund undir lið nr. 8.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Átta mánaða uppgjör.*

Máli frestað til næsta stjórnarfundar.

3. *Samkomulag vegna nýs upphafs Kadeco.*

Stjórnarformaður fór yfir stöðu mála. Umræður.

4. *Endurskoðun samþykktá félagsins er lúta að hlutverki og stjórnarskipan.*

Umræður.

5. *Þátttaka í Cloudfest gagnaversráðstefnu 2020.*

Máli frestað til næsta stjórnarfundar.

6. *Niðurrif leiksvæða.*

Stjórnarformaður fór yfir minnisblað er varðar niðurrif leiksvæða og grillskýla er sitja á landsvæði ríkissjóðs á Ásbrú. Leiksvæðin eru í lélegu ástandi og standast ekki lengur úttektir opinberra aðila. Lagt er til að tveir leikvöllir og grillskýli verði tekin niður en að þriðji leikvöllurinn verði gerður upp.

Stjórn samþykkti erindið.

7. *Gróðursetning og styrkur til íþróttafélaga.*

Stjórnarformaður fór yfir minnisblað er varðar gróðursetningu á Ásbrú og styrk til íþróttafélaga. Áætlað er að styrkja gróðurfar á Ásbrú með því að gróðursetja alls 30 stök tré á svæðinu og þetta gróður við innkomu á Grænásbraut með fjölda bakka- og pottaplantna með aðstoð íþróttafélaganna. Umræður.



Stjórn samþykkti að fara í gróðursetningu á Ásbrú samkvæmt framlögðu minnisblaði.

8. *Patterson.*

Stjórnarformaður fór yfir forsögu máls varðandi hreinsun á Patterson. Jón Ástráður, verkefnastjóri kom inn á fund stjórnar. Umræður.

Stjórnarformaður fól starfsmönnum Kadeco að vinna málið áfram.

9. *Önnur mál.*

a. *Patterson húsakönnun.*

Til upplýsinga.

b. *Patterson húsakönnun – reikningur.*

Máli frestað til næsta stjórnarfundar.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í byrjun nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

Isak E. Jónsson
Stjórnarformaður
Kadeco